



Starfsáætlun 2020



Verkefni stjórnar

Í samþykktum SSNV kemur fram að stjórn hafi yfirumsjón með rekstri, sé málsvari samtakanna ásamt framkvæmdastjóra milli ársþinga og engu meiriháttar máli má ráða til lykta án atbeina hennar.

Stjórn fundar þegar að jafnaði einu sinni í mánuði. Formaður og framkvæmdastjóri undirbúa fundi.

Framkvæmdastjóri sendir fundargögn til stjórnar og varastjórnar, kjörinna fulltrúa í sveitarstjórnnum landshlutans auk stjórnenda sveitarfélaga. Fundargerðir eru sendar til allra framangreindra, annarra landshlutasamtaka og alþingis- manna kjördæmisins.

Stjórn SSNV var skipuð á haustþingi 19. október 2018 til tveggja ára.

Stjórnina skipa:

Þorleifur Karl Eggertsson, formaður, Húnaþingi vestra.

Álfhildur Leifsdóttir, varaformaður, Sveitarfélaginu Skagafirði.

Ragnhildur Haraldsdóttir, Húnavatnshreppi.

Valdimar O. Hermannsson, Blönduósbæ.

Stefán Vagn Stefánsson, Sveitarfélaginu Skagafirði.

Ársskýrsla - ársreikningur - endurskoðun

Vinna við ársskýrslu hefst í desember 2019 og lýkur eigi síðar en 10. mars 2020.

Endurskoðunarnefnd kemur saman í upphafi árs og leggur drög að skýrslu vegna vinnu endurskoðanda. Skýrslu endurskoðunarnefndar verður skilað fyrir febrúarlok.

Vinna við gerð ársreiknings hefst í árslok 2019 og á endurskoðaður ársreikningur 2019 að liggja fyrir þann 1. mars 2020.

Þing SSNV

- Ársþing verður haldið 17.-18. apríl 2020 í Húnaþingi vestra. Vakín er athygli á að nú er endurvakín súa hefð að ársþing standi yfir í 2 daga.
- Haustþing verður haldið föstudaginn 23. október í Húnaþingi vestra.



Fundur með þátttöku SSNV

Sameiginlegir fundir landshlutasamtaka

- Vorfundur, daginn fyrir landsþing Sambands íslenskra sveitarfélaga.
- Sumarfundur landshlutasamtakanna, tveggja daga fundur í júní.
- Haustfundur, í tengslum við fjármálaráðstefnu Sambands íslenskra sveitarfélaga. Formaður og framkvæmdastjóri sitja ofangreinda fundi.

Sameiginlegir fundir atvinnuþróunarfélaga

- Vorfundur er haldinn af Byggðastofnun í tengslum við ársfund Byggðastofnunar.
- Haustfundur er haldinn til skiptis á atvinnuþróunarsvæðum. Árið 2020 verður fundurinn haldinn á Vesturlandi.

Gert er ráð fyrir að framkvæmdastjóri og starfsmenn atvinnuþróunar mæti eins og við verður komið á ofangreinda fundi.

Aðrir fundir

Gert ráð fyrir að formaður og/eða framkvæmdastjóri mæti á eftirtalda fundi:

- Ársfundur Byggðastofnunar.

- Landsþing Sambands íslenskra sveitarfélaga.
- Fjármálaráðstefna sveitarfélaga.
- Ársfundur Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga.

Aðrir viðburðir

- Fyrirhuguð er kynnisferð erlendis fyrir atvinnuþróunarfélög á vegum Byggðastofnunar. Farið er í slíka ferð annað hvert ár með styrk frá stofnuninni. Gert er ráð fyrir að framkvæmdastjóri ásamt einum starfsmanni atvinnuþróunar fari í ferðina.

Sveitarstjórnarvettvangur EFTA

Sveitarstjórnarvettvangur EFTA tók til starfa árið 2010 til að gæta hagsmuna sveitarstjórnarstigsins í EES EFTA samstarfinu. Í honum eiga sæti sex kjörnir fulltrúar á sveitarstjórnarstigi frá Íslandi og Noregi og tveir áheyrnarfulltrúar frá Sviss. Samband íslenskra sveitarfélaga, Reykjavík og landshlutasamtök sveitarfélaga tilnefna fulltrúa af hálfu Íslands. Landshlutasamtökin eiga fulltrúa í vettvangnum skv. skiptireglu og á SSNV fulltrúa árin 2018-2020. Þorleifur Karl Eggertsson formaður stjórnar er fulltrúi SSNV í vettvangnum.



Verkefni SSNV

Verkefnum SSNV er skipt í þrjá meginhluta.

- Verkefni atvinnuþróunar,
- verkefni Sóknaráætlunar og Uppbyggingar-sjóðs,
- önnur verkefni SSNV.

Verkefni atvinnuþróunar

SSNV tók yfir verkefni atvinnuráðgjafar á árinu 2005.

Sveitarfélögin hafa lagt 20 milljónir árlega til verkefnisins og Byggðastofnun leggur til um 23 milljónir. Í samningi SSNV og Byggðastofnunar, dags. 23. janúar 2018, kemur fram að SSNV skal vinna að eftirtöldum verkefnum:

- Atvinnu- og byggðaðróun
- Atvinnuráðgjöf
- Nýsköpun
- Búsetuþáttum
- Upplýsingaöflun
- Endurmenntun og samstarfi

Mestum hluta þeirra fjármuna, sem þessi málaflökkur hefur til ráðstöfunar, er varið til ráðgjafar- og nýsköpunarverkefna.

Starfsmenn atvinnuþróunar veita alla almenna ráðgjöf til einstaklinga og fyrirtækja í rekstri á starfssvæðinu, aðstoða við gerð rekstrar- og markaðsáætlana og markaðssetningu, við vinnu við stefnumótun, o.s.frv.

Einnig standa samtökin fyrir ýmiskonar fræðslu fyrir þá sem hyggjast hefja rekstur eða eru í rekstri.

Framkvæmdastjóri stýrir starfsemi atvinnuþróunar en starfsmenn verkefnisins eru:

- Davíð Jóhannsson
- Sólveig Olga Sigurðardóttir
- Sveinbjörg Rut Pétursdóttir

Kannanir

Frá árinu 2018 hefur SSNV tekið þátt í könnun á umhverfi og þörfum fyrirtækja á landsbyggðinni sem unnin er af Samtökum sveitarfélaga á Vesturlandi undir forystu Vífils Karlssonar. Könnunin er gerð árlega á haustmánuðum.

Einnig verður á árinu 2020 framkvæmd íbúakönnun og er það í annað skiptið sem SSNV tekur þátt í henni. Sú könnun er einnig framkvæmd af SSV undir forystu Vífils Karlssonar.



Verkefni SSNV, framhald

NPA verkefni

SSNV er aðili að alþjóðlegu samstarfsverkefni sem styrkt er af Norðurslóðaáætlun. Áætlunin stuðlar að samstarfsverkefnum sem miða að því að finna lausnir að sameiginlegum viðfangsefnum samstarfslandanna.

Þátttakendur í verkefninu auk Íslands eru frá Norður-Írlandi, Írlandi og Finnlandi. Verkefnið hófst 2018 og er áætlað að standi yfir í tæplega þrjú ár. Verkefninu er ætlað að taka á þeim áskorunum sem fyrirtæki á jaðarsvæðum glíma jafnan við, svo sem einangrun, smæð markaðar, samskiptaörðugleikum og skorti á efnahagslegri fjölbreytni.

Lagt er upp með að nýta upplýsingatækni til að yfirstíga þröskulda er varða einangrun, fjarlægð frá markaði og samskipti við markhópa. Haldnar verða vinnustofur til að vekja athygli á nýjum mörkuðum og tækni sem tengist auknum veruleika og sýndarveruleika kynnt fyrir þátttakendum.

Fimmtíu fyrirtækjum, hérlendis og erlendis, gefst

tækifæri á að nýta sér markaðssetningu með þessari tækni en þátttakendur í verkefninu fá leiðbeiningar og þjálfun í stafrænni tækni sem nýtist til markaðssetningar. Möguleikar á framsetningu markaðsefnis væri t.d. í gegnum heimasíðu viðkomandi fyrirtækis. Lagt er upp með að afurðir verkefnisins verði stafræn verkfærakista með tólum til markaðssetningar og heimasíða þar sem fyrirtækjum gefst tækifæri á að tengjast stafrænt öðrum fyrirtækjum, opinberum stofnunum, fræðslumiðlum og stafrænum miðstöðvum.

Sveinbjörg Rut Pétursdóttir atvinnuráðgjafi er verkefnisstjóri NPA verkefnisins.

Fylgdu okkur á facebook og fáðu upplýsingar úr starfi SSNV og annað áhugavert efni sem snýr að landshlutanum.

[facebook.com/ssnordurlandvestra](https://www.facebook.com/ssnordurlandvestra)



DIGI2MARKET

immersive technology for SMEs



Verkefni SSNV, framhald

Iðnaðaruppbygging á Norðurlandi vestra

Í desember 2016 var undirritaður samningur milli SSNV og ANR um möguleika á iðnaðaruppbyggingu á Hafursstöðum. Fjárveiting til verkefnisins á fjárlögum 2016 var 30 millj. Gert var ráð fyrir að verkefnið yrði í tveimur hlutum, þ.e. verkfræðileg úttekt á svæðinu, á árinu 2017 (15 millj) og að á árinu 2018 yrði gerð viðskiptaleg úttekt á því hvaða möguleika svæðið hefur í samkeppni við önnur svæði (15 millj.).

Lokaskýrsla úttektar á svæðinu liggur fyrir en með viðauka við upphaflegan samning var verkefnið víkkað út og nær nú yfir allt Norðurland vestra.

Verið er að ganga frá samningi við ráðuneyti atvinnuvega og nýsköpunar um áframhald vinnunnar og ráðstöfun eftirstöðva samningsins. Gert ráð fyrir að ráðinn verði starfsmaður til verkefnisins í lok árs 2019 eða byrjun árs 2020.

Framkvæmdastjóri er ábyrgðaraðili verkefnisins og tengiliður við ráðuneyti.

Ferðamál

Ráðgjafi á sviði ferðamála starfar með ferðaþjónustufyrirtækjum á starfssvæðinu og með Fagráði ferðaþjónustunnar á Norðurlandi vestra. Í fagráðinu eiga sæti formenn ferðamálafélaganna á Norðurlandi vestra og einn fulltrúi SSNV.

Áætlað er að ráðið hittist fjórum sinnum á árinu og haldi símafundi þess utan ef þörf krefur, *Ferðamáladagur að hausti* (áætlaður 11. nóvember), er orðinn árlegur viðburður með kynningarerindum og umræðum um mál, sem eru ofarlega á baugi í greininni, s.s. nýir markaðir og breytingar í rekstrarumhverfi.

Áhersluverkefnum sóknaráætlunar 2018-2109, sem tengjast ferðaþjónustu, verður lokið á starfsárinu. Þá verður áfram fylgst vel með straumum og stefnum í greininni eins og áður og hvað þær geta þýtt fyrir svæðið.

Ráðgjafi á sviði ferðamála er Davíð Jóhannsson.



Verkefni Sóknaráætlunar

Ný Sóknaráætlun Norðurlands vestra gildir fyrir árin 2020-2024. Markmið Sóknaráætlunar eru að:

- ráðstöfun þeirra fjármuna sem varið er til verkefna í einstökum landshlutum á sviði samfélags- og byggðamála byggi á svæðisbundnum áherslum og markmiðum sem fram koma í sóknaráætlun landshlutans.
- treysta stoðir menningar.
- auka samkeppnishæfni landshlutans og landsins alls.
- einfalda samskipti ríkis og sveitarfélaga og tryggja gagnsæi við úthlutun og umsýslu opinberra fjármuna.

Umtalsverð aukning fjármuna til Sóknaráætlunar á árinu 2020

Í fjárhagsáætlun SSNV fyrir árið 2020 er gert ráð fyrir 103,1 millj. kr. tekjum vegna samningsins, 95,7 millj. frá ríkinu, hækkun um ríflega 14 milljónir frá árinu 2019, og 7,4 millj. kr. frá sveitarfélögunum á starfssvæði samtakanna.

Skipting framlaga til Sóknaráætlunar

- 70 milljónum verður varið til að styrkja menningar-, atvinnuþróunar- og nýsköpunarverkefni,
- 23,1 milljón í áhersluverkefni og
- 10 milljónum í rekstur Sóknaráætlunar.

Auk þess verður 7,6 milljónum af eigin fé samtakanna varið til áhersluverkefna. Samtals verður því 30,7 milljónum varið til áhersluverkefna á árinu 2020 og heildarframlag sveitarfélaganna til sóknaráætlunar því 15 milljónir.

Verkefnum Sóknaráætlunar er skipt í fernt:

- Gerð Sóknaráætlunar landshlutans.
- Úthlutun styrkja úr Uppbyggingarsjóði.
- Val á sérstökum áhersluverkefnum og framkvæmd þeirra,
- Umsjón með sérstökum viðaukasamningum við sóknaráætlun, einkum í tengslum við verkefni Byggðaáætlunar.

Framkvæmdastjóri ber ábyrgð á verkefnum Sóknaráætlunar Norðurlands vestra. Verkefnisstjóri er Ingibergur Guðmundsson.



Verkefni Sóknaráætlunar, framhald

Samráðsvettvangur

Samkvæmt samningi um sóknaráætlun skipa landshlutasamtökin samráðsvettvang með sem breiðustu aðkomu sveitarstjórna, atvinnulífs, menningarlífs, fræðasamfélags og annarra haghafa. Gæta skal lýðræðis-, búsetu-, aldurs- og kynjasjónarmiða.

Samráðsvettvangurinn skal hafa beina aðkomu að gerð sóknaráætlunar og vera upplýstur um framgang hennar að minnsta kosti árlega.

Við gerð nýrrar sóknaráætlunar var samráðsvettvangur sóknaráætlunar 2015-2019 boðaður til þátttöku á stórfundi sem haldinn var í Miðgarði 3. september 2019. Jafnframt var þeim sem skráðu sig á rafrænan samráðsvettvang boðið á fundinn. Samtals var því um 140 manns boðið á fundinn auk þess sem hann var auglýstur opin öllum. Á fundinn mættu um 70 manns.

Á samningstímabilinu 2020-2024 mun rafræni samráðsvettvangurinn leysa eldri samráðsvettvang af hólmi. Er rafræni vettvangurinn opin öllum til skráningar á heimasíðu samtakanna. Allir þeir sem mættu á fundi

tengdum gerð sóknaráætlunar eru skráðir á vettvanginn auk sveitarstjórnarmanna á starfsvæðinu. Er vettvangurinn því, eins og kveðið er á um í samningi um sóknaráætlun, þverskurður samfélagsins á Norðurlandi vestra.

Skv. nýjum samningi um sóknaráætlun skulu samtökin setja sér samskiptaáætlun sem endurskoðuð er árlega. Þar skal m.a. koma fram hvernig kynna á sóknaráætlunina fyrir helstu markhópum, fyrirhugaðir fundir og ráðstefnur, áætlun um greinaskrif, auglýsingar og virkni á samfélagsmiðlum. Samskiptaáætlunin er lögð fram sem fylgiskjal við starfsáætlun ársins 2020.

Upplýsingagjöf

Samkvæmt samningi skal SSNV skila árlega greinargerð um framkvæmd samningsins til stýrihóps Stjórnarráðsins. Á árinu 2020 skal því skila greinargerð fyrir árið 2019 og skal það vera fyrir 1. febrúar 2020. Í þeirri skýrslu fer fram lokauppgjör sóknaráætlunar 2019-2020.

Einnig skulu samtökin skila greinargerð árlega til Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga vegna sérstakra framlaga sjóðsins til framkvæmdar sóknaráætlunar.



Uppbyggingarsjóður

Sjóðurinn hefur það hlutverk að styrkja verkefni sem falla að sóknaráætlun landshlutans. Sjóðurinn skiptist í tvo hluta, menningarmál og atvinnuþróun og nýsköpun.

Menningarhlutinn skiptist í stofn- og rekstrarstyrki annarsvegar og verkefnastyrki hinsvegar. Í fjárhagsáætlun SSNV 2019 er gert ráð fyrir að úthluta 36 milljónum í menningarhluta Uppbyggingarsjóðs og að 34 milljónum verði varið til atvinnuþróunar og nýsköpunar.

Umsóknarferlið hófst 15. október 2019 með umsóknarfresti til 15. nóvember og verður úthlutun lokið fyrir árslok 2019. Gert er ráð fyrir að úthlutunarhátíð fari fram 9. janúar 2019 í Húnaþingi vestra.

Framkvæmdastjóri ber ábyrgð á verkefnum Uppbyggingarsjóðs.

Starfsmenn Uppbyggingarsjóðs eru Ingibergur Guðmundsson, verkefnisstjóri og Sólveig Olga Sigurðardóttir (að hluta).

Úthlutunarnefnd

Úthlutunarnefnd ber ábyrgð á úthlutunum úr sjóðnum og leggur fram niðurstöður sínar að fengnum tillögum fagráðs menningar og fagráðs atvinnuþróunar og nýsköpunar.

Úthlutunarnefnd var skipuð til tveggja ára á 2. haustþingi SSNV, 19. október 2018.

Úthlutunarnefnd skipa:

- Lárus Ægir Guðmundsson, Sveitarfélagiðnu Skagaströnd, formaður
- Sigríður Svavarsdóttir, Sveitarfélagiðnu Skagafirði
- Jóhanna Ey Harðardóttir, Sveitarfélaginu Skagafirði, formaður Fagráðs atvinnuþróunar og nýsköpunar
- Þorsteinn J. Guðmundsson, Húnaþingi vestra
- Adolf H. Berndsen, Sveitarfélaginu Skagaströnd, formaður Fagráðs menningar.

**Fáðu fréttir af starfi SSNV á
á heimasíðu samtakanna:
www.ssnv.is**



Uppbyggingarsjóður, framhald

Fagráð atvinnuþróunar og nýsköpunar

Fagráðið var skipað til tveggja ára á 2. haustþingi SSNV, 19. október 2018.

Fagráðið skipa:

- Jóhanna Ey Harðardóttir, Sveitarfélaginu Skagafirði, formaður.
- Erla Gunnarsdóttir, Húnavatnshreppi.
- Gunnsteinn Björnsson, Sveitarfélaginu Skagafirði.
- Gunnar Tryggvi Halldórsson, Blönduósbæ.
- Raket Runólfsdóttir, Húnaþingi vestra.

Starfsmaður fagráðs atvinnu- og nýsköpunar er Sólveig Olga Sigurðardóttir.

Fagráð menningar

Fagráðið var skipað til tveggja ára á 2. haustþingi SSNV, 19. október 2018.

Fagráðið skipa:

- Adolf H. Berndsen, Sveitarfélaginu Skagaströnd, formaður.
- Björg Baldursdóttir, Sveitarfélaginu Skagafirði.
- Ragnheiður Halldórsdóttir, Sveitarfélaginu Skagafirði.
- Þórunn Helga Þorvaldsdóttir, Húnaþingi vestra.
- Jón Örn Stefánsson, Blönduósbæ.

Starfsmaður fagráðs menningar er Ingibergur Guðmundsson.

Næsta úthlutun Uppbyggingarsjóðs

- Umsóknarfrestur til 15. nóvember 2019.
- Umsóknum skal skilað á rafrænni umsóknargátt af vefsíðu SSNV.
- Á vef SSNV er að finna myndband með leiðbeiningum um umsóknargáttina.
- Starfsmenn verða með viðtalstíma og vinnustofur um gerð umsókna vikurnar áður en umsóknarfrestur rennur út. Nánari upplýsingar á vef SSNV.

Könnun meðal styrkþega/umsækjenda

Að liðnum umsóknarfresti Uppbyggingarsjóðs verður gerð könnun meðal umsækjenda um umsóknarferlið; hvað gengur vel og hvað má bæta. Sambærileg könnun meðal styrkþega verður gerð í maí 2020 til að fá vísbendingar um eftirfylgni og þjónustu starfsmanna við styrkþega.



Áhersluverkefni

Áhersluverkefni eru verkefni sem hafa beina skírskotun til sóknaráætlunar landshlutans og styðja við heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna. Verkefnin skulu hafa skýr markmið og árangursmælikvarða.

Áhersluverkefni ársins 2020 verða skilgreind í lok árs 2019.

Auglýst verður eftir hugmyndum og valið úr þeim með hjálp rafræns samráðsvettvangs.

Stjórn SSNV samþykkir áhersluverkefnin og sendir þau til staðfestingar stýrihóps Stjórnarráðsins um byggðamál.

Nánari upplýsingar um áhersluverkefni sóknaráætlunar 2015-2019 má finna á heimasíðu SSNV.

Hafðu áhrif á framkvæmd Sóknaráætlunar með því að skrá þig á rafrænan samráðsvettvang á

www.ssnv.is

Dæmi um áhersluverkefni á samnings tímabilinu 2015-2019

Á tímabilinu 2015-2019 voru unnin 26 áhersluverkefni fyrir samtals 96 milljónir. Dæmi um verkefni eru:

- Samgönguáætlun Norðurlands vestra.
- Uppbygging smávirkjana.
- Greining á kolefnisspori Norðurlands vestra.
- Listaskóli unga fólksins.
- Framtíðarskipan úrgangsmála á Norðurlandi.
- Matvælabraut FNV.
- Íbúakönnun.
- Stafræn borg.
- Framleiðsla myndefnis fyrir ferðaþjónustuna.
- Kynningarátak gagnvart erlendum ferðaheildsölum.
- Matarauður Norðurlands vestra.
- Beint frá býli, samstarf við Farskólann.
- Greining á Heilbrigðisþjónustu í landshlutanum.
- Svæðisleiðsögn á Norðurlandi vestra.
- Kortlagning skapandi greina.
- Aukið samstarf listamanna.
- Raunvísindaskólinn.



Starfsmenn SSNV

Unnur Valborg Hilmarsdóttir
Framkvæmdastjóri
unnur@ssnv.is



Davíð Jóhannsson
Atvinnuráðgjafi á sviði ferðamála
david@ssnv.is



Ingibergur Guðmundsson
Verkefnisstjóri sóknaráætlunar
ingibergur@ssnv.is



Katharina Ruppel
Skrifstofu- og bókhaldsstörf
katharina@ssnv.is



Sólveig Olga Sigurðardóttir
Atvinnuráðgjafi
solveig@ssnv.is



Sveinbjörg Rut Pétursdóttir
Atvinnuráðgjafi
sveinbjorg@ssnv.is



Samskiptaáætlun

Í samningi um sóknaráætlun fyrir árin 2020-2024 segir í grein 1.3:

Í því skyni að vekja athygli á sóknaráætlun landshlutans setja landshlutasamtökin sér samskiptaáætlun, sem endurskoðuð er árlega. Þar kemur meðal annars fram hvernig kynna á sóknaráætlunina fyrir helstu markhópum, fyrirhugaðir fundir og ráðstefnur, áætlun um greinaskrif, auglýsingar og virkni á samfélagsmiðlum.

Almennt

Mikilvægt er að auka vitund íbúa um tilurð sóknaráætlunar og þeim tækifærum sem í henni liggja til eflingar landshlutans. Með því eru líkur á árangri sóknaráætlunar auknar með aukinni þátttöku íbúa og kjörinna fulltrúa. Til þess eru ýmsar leiðir færar og verða hér á eftir taldar upp nokkrar þeirra sem notast verður við til kynningar á Sóknaráætlun Norðurlands vestra og þeirri vinnu sem fram fer innan Samtaka sveitarfélaga á Norðurlandi vestra (SSNV) til að ná fram markmiðum áætlunarinnar.

Markhópar

Segja má að markhópar með tilliti til kynningar á sóknaráætlun séu einkum fjórir:

- Sveitarstjórnarmenn og starfsmenn sveitarfélaga.
- Íbúar landshlutans.
- Fyrirtæki og stofnanir í landshlutanum.
- Menningarstofnanir og samtök í landshlutanum.

Mismunandi leiðir þarf að fara að hverjum og einum markhópi og verður hver samskiptaleið skilgreind eftir því hvaða hóp(um) hún hentar.

Samskiptaleiðir

Ýmsar leiðir eru færar til að miðla upplýsingum um sóknaráætlun, svo sem:

- Fundir og ráðstefnur.
- Auglýsingar.
- Samfélagsmiðlar (einkum er notast við Facebook hjá SSNV).
- Heimasíða samtakanna.
- Póstlistaútsendingar.
- Greinaskrif og umfjallanir í fjölmiðlum.

Samskiptaáætlun SSNV

Markhópar

M1 - Sveitarstjórnarmenn og starfsmenn sveitarfélaga

M2 - Íbúar landshlutans.

M3 - Fyrirtæki og stofnanir í landshlutanum.

M4 – Menningarstofnanir og samtök í landshlutanum.

Leið	Aðgerð	Ársfjórðungur				Markhópur			
		F1	F2	F3	F4	M1	M2	M3	M4
Fundir og ráðstefnur	Kynningarfundir fyrir sveitarstjórnarmenn								
	Kynningarfundir fyrir starfsmenn sveitarfélaga								
	Kynningarfundir fyrir íbúa								
	Vinnustofur í tengslum við úthlutun uppbyggingarsj.								
	Úthlutunarhátíð								
Auglýsingar	Úthlutun – bæklingi dreift í öll hús								
	Úthlutun – auglýsingar í svæðismiðlum								
	Úthlutun – samfélagsmiðlar								
	Kynningarfundir fyrir íbúa – svæðismiðlar								
	Kynningarfundir fyrir íbúa – samfélagsmiðlar								
	Úthlutunarhátíð – samfélagsmiðlar								
Samfél. miðlar	Fréttir af framkvæmd sóknaráætlunar – 1x í mánuði								
	Kynning á verkefnum styrkhafa – 1 x í mánuði								
	Kallað eftir hugmyndum að áhersluverkefnum								
	Greinum á svæðismiðlum og prentútgáfum deilt								
	Fréttum af áhugav. verkefnum annarra landshl. deilt								
Heimasíða	Fréttir af framkvæmd sóknaráætlunar – 1x í mánuði								
	Kynning á verkefnum styrkhafa – 1x í mánuði								
	Kallað eftir hugmyndum að áhersluverkefnum								
	Greinar af svæðismiðlum og prentútgáfum								
Póstlistar	Útsendingar á rafrænan samráðsvettvang – 4x á ári								
	Fréttir af sóknaráætlun sent með fundargögnum ¹								
	Kallað eftir áhersluverkefnum frá samráðsvettvangi								
	Auglýsingar um úthlutun á póstlista atvinnuráðgjafa								
Greinaskrif/umfjallanir	Greinar í svæðis- vefmiðla (feykir.is, huni.is) 4x á ári								
	Greinar í prentútgáfu Feykir.is 2x á ári								
	Viðtal/umfjöllun í einum landsmiðli – 1x á ári								

¹ Allir sveitarstjórnarmenn á starfssvæði SSNV fá fundargögn stjórnarfunda send fyrir hvern fund. Í þeim gögnum hafa verið fréttaskot þar sem fréttum úr starfi samtakanna er miðlað. Sú miðlun hefur gefið mjög góða raun.